

**Sp. 386. Tillaga til þingsályktunar [217. mál]**

um uppbyggingu Reykhóltsstaðar í Borgarfirði.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson, Valdimar Indriðason,  
Skúli Alexandersson, Jón Sveinsson, Eiður Guðnason,  
Kristófer Már Kristinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar undirbúa framkvæmdir við uppbyggingu og heildarskipulag Reykhóltsstaðar í Borgarfirði í samræmi við megingintillögur Reykhóltsnefndar er starfaði frá 18. ágúst 1980 til 20. júní 1983.

**Greinargerð.**

Reykholt er tvímælalaust í röð merkustu sögustaða á Íslandi. Það er kirkjustaður og prestssetur frá fornu fari. Þar hafa margir merkir menn lifað og starfað fyrir og síðar. Þar bjó Snorri Sturluson á árunum 1206—1241 og gerði garðinn frægan með þeim hætti sem allir Íslendingar þekkja. Snorri er nafnkunnastur allra höfunda, skálda og fræðimanna sem Ísland hefur alið. Í hugum margra er Reykholt helgur staður. Mun svo verða meðan aldir renna og nokkur Íslendingur les og leggur rækt við sögu lands og þjóðar, tungu og menningu.

Reykholt er einnig þekkt menntasetur. Héraðsskóli hefur starfað þar frá 1931. Hefur hann ævinlega verið vel sóttur og notið álits og trausts. Þangað hafa sótt nemendur víðs vegar að af landinu. Hin mikla aðsókn að skólanum frá fyrstu tíð til þessa dags er besta einkunn sem slík menntastofnun getur fengið.

Alkunna er að frægð Reykhóltsstaðar, tengd minningu Snorra, nær langt út fyrir landsteinana. Einkum eru það Norðmenn sem láta sér annt um staðinn. Þeir gáfu sem kunnugt er stytta af Snorra Sturlusyni, gerða af frægasta myndhöggvara Norðmanna, Gustav Vigeland. Var hún afhjúpuð og afhent 1947 af Ólafi krónprins, núverandi Noregskonungi.

Af framansögðu má ráða að margi gesti og ferðamenn, innlenda og erlenda, fýsir að heimsækja og skoða staðinn í Reykholti. Þangað liggur þungur straumur ferðamanna að sumarlagi, ekki síst útlendinga.

Ljóst er að Reykhóltsstað verður að sýna fullan sóma. Gera þarf heildarskipulag af staðnum, byggja nauðsynlegt skólahúsnæði, prýða umhverfið, varðveita fornar minjar, bæta aðstöðu fyrir ferðamenn o. fl. o. fl. Allt þetta kostar mikið fé, en fjárveitingar hafa verið af skornum skammti á undanfórnum árum. Hefur því dregist úr hófi fram að halda mannvirkjum vel við og reisa ný í tæka tíð, svo og að sýna staðnum þá umhirðu og umhyggju sem vera ber.

Ekki hefur þó skort góð áform. Nefna má sem dæmi að árið 1971 voru fjörutíu ár liðin frá stofnun skólans. Af því tilefni var gefið fyrirheit um uppbyggingu á staðnum af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Fyrstu árin gekk allt vel en síðan sótti allt í sama horfið. Ýmsu hefur þó miðað í rétta átt. Nú eru áform um að láta til skarar skriða og fastmælum bundið að láta ekki sitja við orðin tóm.

Sumarið 1980 tók til starfa stjórnskipuð nefnd sem falið var það hlutverk að taka öll helstu málefni Reykhóltsstaðar til rækilegrar athugunar og gera tillögur um lausn þeirra, umbætur og framkvæmdir. Nefndin skilaði ítarlegu áliti vorið 1983. Urðu nefndarmenn sammála um flest meginatriði. Til nánari skýringa er fyrsti kafli þessa nefndarálits prentaður hér með sem fylgiskjal, en álitíð er of langt til þess að hægt sé að birta það hér í heilu lagi. En til þess er vísað að öðru leyti.

## Fylgiskjal.

### **Reykholtsnefnd:**

#### **Nefndarálit um málefni Reykholtstaðar (I. kafli). (Júní 1983.)**

Hinn 18. ágúst 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögu um hvernig haga skuli framkvæmd þeirra mála á Reykholtstað sem varða fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem skólp-, vatns- og hitaveitumál, skipulag staðarins, leyfi til bygginga, atvinnurekstrar o. fl. Einnig var nefndin beðin að semja yfirlit um hvaða umbætur hún teldi þurfa að gera á staðnum og í hvaða röð ætti að framkvæma.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og sr. Geir Waage sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðuneytisins, Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, sr. Jón Einarsson sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu Reykholtarnefndar og Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður, skipaður skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti, skipaður án tilnefningar.

Nefndin hóf störf fljótlega eftir að hún var skipuð og var Þorleifur Pálsson skipaður ritari hennar. Tók hún í fyrstunni við öflun ýmissa gagna sem talið var nauðsynlegt að lægja fyrir við úrlausn verkefnisins, svo sem allra þinglýstra eignar- og afnotaheimilda að jörðinni, ljósrita úr úttektarbókum prófastsdæmisins, fundargerða skólanefndar Reykholtsskóla o. fl.

Framan af var miklum tíma á fundum nefndarinnar varið til umræðna um það hver eða hverjir skyldu í framtíðinni hafa forræði á Reykholtstað sem í dag er prestssetur, kirkjustaður og menntasetur, auk þess sem þar er stundaður búskapur. Nefndarmenn töldu að forræðismálin hefðu grundvallarþýðingu fyrir áframhaldandi störf hennar enda var henni ljóst að óglögg skil í þeim efnum hefðu mjög háð þróun staðarins hvað varðar framkvæmdir og umhirðu svo og að engum tilteknum ábyrgum aðila hefur verið falið að hafa á hendi heildarstjórn og eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á staðnum. Með hliðsjón af þessu svo og því, að leigusamningar þeir um jarðarafnot, sem gerðir voru á árinu 1931, annars vegar við skólann og hins vegar við Þóri heitinn Steinþórsson, giltu til 50 ára og runnu því út á árinu 1981, ritaði formaður nefndarinnar dóms- og kirkjumálaráðherra bréf dags. 10. des. 1980 og óskaði eftir því að ráðuneytið tjáði nefndinni hugmyndir sínar og áform varðandi hugsanlega endurnýjun leigusamninga. Þá áttu formaður og ritari nefndarinnar viðræður um þessi mál við dóms- og kirkjumálaráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis.

Sömu nefndarmenn, ýmist annar eða báðir, áttu einnig viðræður við fleiri aðila varðandi málefni Reykholt, t. d. skipulagsstjóra ríkisins, forstöðumann framkvæmda-deildar Innkaupastofnunar ríkisins og hreppsnefnd Reykholtaldalshrepps. Leiddu þessar viðræður ásamt fleiru m. a. til þess að skipulagsstjóri ríkisins lét gera tillögu að skipulagi fyrir Reykholt að beiðni menntamálaráðuneytisins en áður höfðu verið gerðir tillöguuppdættir að skipulagi sem ekki hafa hlotið staðfestingu. Þeir starfsmenn skipulagsstjóra, sem fengu það verkefni að vinna að umræddum skipulagstillögum, sátu fund með nefndinni í Reykholti og var þar skipst á skoðunum eftir vettvangsgöngu. Töldu nefndarmenn að við skipulag staðarins þyrfti m. a. að hafa í huga nýja heimreið, svæði fyrir nýja kirkju og kirkjugarð, lóðir fyrir Snorrastofu og/eða safn e. t. v. í tengslum við kirkjubyggingu og viðbótarskólmannvirki. Einnig þyrfti að huga að alhliða fegrun staðarins sem mjög er nú ábótavant og nægir þar að nefna sem dæmi svonefndan Snorragarð sem er í niðurníðslu og þarf mikilla lagfæringa við.

Þegar u. þ. b. ár var liðið frá því að nefndin hóf störf, þótti nefndarmönnum eðlilegt og sjálfsagt að semja og leggja fram áfangaskýrslu um störf sín enda þótt engin svör hefðu þá borist frá forráðaaðilum staðarins við fyrirspurnum nefndarinnar. Áfangaskýrslan er dagsett 23. október 1981 og var hún send menntamálaráðherra með bréfi dags. 4. nóv. 1981 með beiðni um að nefndinni yrði látið í té álit á niðurstöðum skýrslunnar svo hún gæti lokið störfum. Um áfangaskýrsluna vísast til fylgiskjala með nefndarálitinu.

Meðan beiðið var svara og viðbragða ráðherra eða ráðuneyta, sem vitað var að stóðu í samningaviðræðum um forræðismálin, lágu nefndarstörf niðri að öðru leyti en því að formaður nefndarinnar fékk, í samráði við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, verkfræðifirmað Fjarhitun hf. í Reykjavík til þess að kanna ástand hitaveitunnar í Reykholti og lýsa því og gera lauslega áætlun um úrbætur. Í skýrslu Fjarhitunar hf., dags. 14. júní 1982, sem barst formanni með bréfi firmans, dags. 9. júlí 1982, var mælt með því að gerð yrði áætlun um endurbyggingu veitunnar ásamt kostnaðaráætlun á grundvelli tilhögunar á sérstökum uppdrætti sem fylgdi skýrslunni. Með bréfi menntamálaráðuneytisins til formanns nefndarinnar, dags. 12. ágúst 1982, var fallist á að umrædd framkvæmda- og kostnaðaráætlun yrði unnin og kom formaður slíkrri beiðni þegar í stað til framkvæmdastjóra Fjarhitunar hf.

Þá er rétt að greina næst frá því að með bréfi til menntamálaráðherra, dags. 7. júlí 1982, ítrekaði formaður óskir nefndarinnar um svör við niðurstöðum áfangaskýrslunnar og ábendingar um framhaldið með því að nefndin legði á það þunga áherslu að geta lokið störfum hið allra fyrsta. Svarbréf barst frá menntamálaráðuneytinu, dags. 23. júlí 1982.

Að svo komnu máli hóf nefndin störf að nýju og hélt fund hinn 24. ágúst 1982. Á þeim fundi voru lögð fram þau gögn sem aflað hafði verið frá því að áfangaskýrslu var skilað. Á þessum fundi var samþykkt að senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu formlega áfangaskýrslu nefndarinnar og leita eftir áliti þeirra á henni. Einnig var á þessum sama fundi samþykkt áskorun til menntamálaráðherra og fjárveitingavalds að á fjárlögum ársins 1983 yrði fé veitt til byggingar svonefndrar A-álmú skólahúsnæðis Héraðsskólans í Reykholti sem nægði til þess að steypa húsið.

Að beiðni nefndarinnar gerði Þór Magnússon þjóðminjavörður grein fyrir hugmyndum sínum um staðinn í bréfi til formanns, dags. 19. okt. 1982. Í áliti þjóðminjavarðar kemur m. a. fram að „Snorralaug með tilheyrandi vatnsveitustokk og lokræsum“ sé hið eina í Reykholti sem er friðlýst samkvæmt þjóðminjalögum. Þótt ekki sé fleira beinlínis friðlýst sem fornminjar sé staðurinn með merkustu sögustöðum Íslands og verði að taka fullt tillit til söguhelgi hans þegar skipulagðar eru nýbyggingar þar eða aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar en segja yrði að slíkt hefði ekki verið gert hingað til. Ýmislegt athyglisvert kemur fram í skýrslu þjóðminjavarðar sem fylgir nefndarálitinu.

Hitaveitumálin hafa allmikið verið rædd í nefndinni. Einn nefndarmanna, sr. Geir Waage, tók saman yfirlit um leigu á hitavatnsréttindum í Reykholti á árabílinu milli 1930 og 1980 að beiðni formanns nefndarinnar og annar nefndarmanna, sr. Jón Einarsson, lagði fram skriflegar tillögur um hitaveitumálin.

Með bréfi, dags. 1.2.1983, sendi Fjarhitun hf. nefndinni skýrslu sína um endurbætur á hitaveitunni ásamt kostnaðaráætlun. Skýrslan er yfirgripsmikil og fylgir nefndarálitinu, sbr. kafla X. Stofnkostnaður við endurbætur er áætlaður 1,8 millj. króna og miðast við verðlag í byrjun nóvember 1982, vísitölu byggingarkostnaðar 1331 stig, og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 411 000 kr. Miðað við áætlaðan árlegan rekstrarkostnað, 411 000 kr. og árlega orkuþörf í Reykholti, nú áætl. 3,03 GWh, og eftir stækkun heimavistar 3,49 GWh, yrði orkuverð frá hitaveitunni tæpir 14 aurar á kílóvattstund miðað við núverandi byggð og eftir stækkun heimavistar um 12 aurar. Ef hins vegar rekstrarkostnaði væri skipt milli gróðurhúsa og annarra húsa miðað við hlutdeild hvors um sig í kostnaðinum yrði orkuverð til gróðurhúsa 0,06 kr/KWh og til annarra húsa 0,19 kr/KWh, en eftir stækkun heimavistar 0,15

kr/KWh. Til samanburðar er þess getið að orkuverð frá Hitaveitu Reykjavíkur var í des. 1982 12 aurar á kílóvattstund en það er eitt lægsta orkuverð sem þekktist á landinu. Varðandi rekstrarfyrirkomulag er lögð á það áhersla að til að tryggja góðan rekstur hitaveitunnar, reglubundið viðhald og góða umgengni um mannvirki og umhverfi sé nauðsynlegt að einn aðili hafi reksturinn með höndum og beri ábyrgð á honum. Sem hugsanlegir rekstraraðilar eru nefndir: a) skólinn, b) hitaveitufélag, sem gæti verið í eigu allra þeirra sem hagsmuna hafa að gæta. Önnur rekstrarform sem nefnd hafa verið eru: a) samstarfsnefnd, b) sjálfseignarstofnun, c) hreppsfélagið og ríki sameiginlega, d) hreppsfélagið.

Rétt er og að hér komi fram að á fundi, sem nefndin hélt nýlega með hreppsnefnd Reykholtaldshrepps, kom fram vilji hreppsnefndarmanna til að standa að rekstri hitaveitunnar án þess að gerð væri nánari grein fyrir því hvernig slíkri rekstraraðild yrði fyrir komið. Jafnframt kom fram vilji til þess að nokkrir nágrennabærir Reykholtu gætu notið hitaveitunnar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í skýrslu Fjarhitunar hf. segir að flest bendi til þess að úr borholunni fáiast mun meira vatn en byggðin í Reykholti þarfnist. Sé því nægilegt vatn til að tengja nálæga sveitabæi hitaveitunni. Þá er í skýrslunni vitnað í áætlun Orkustofnunar frá fyrra ári um hitaveitu á þessa sömu bæi og var niðurstaða þeirrar áætlunar sú að hitaveita á sveitabæina væri óhagkvæm og orkuverð reiknað á sama verði og hér að framan segir 1,41 kr/KWh. Hreppsnefnd Reykholtaldshrepps taldi einnig eðlilegt að sveitarfélagið sæi um vatnsveitu og skolplagnakerfi Reykholtu.

Formanni nefndarinnar barst bréf dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 15. febrúar s. l., sem svar við bréfi nefndarinnar frá 6. september 1982 þar sem leitað var álits ráðuneytisins á niðurstöðu áfangaskýrslu og bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 23. júlí s. l. Þar segir að náðst hafi samkomulag við menntamálaráðuneytið um eftirfarandi atriði:

„1. Að fengnum tillögum Reykholtarnefndar er gert ráð fyrir að gengið verði frá samningi milli ráðuneytanna um framtíðarskipan mála í Reykholti, nema lagasetning komi til. Í væntanlegum samningi er gert ráð fyrir að komið verði á fót samstarfsnefnd er hafi stjórn tiltekinna málefna í Reykholti undir yfirstjórn umræddra ráðuneyta. Æskilegt væri að nefndin mótaði nánar tillögum í þessa átt.

2. Héradsskólinn fái án endurgjalds til afnota allt það land er hann þarfnast til alhliða skólustarfs og hótélreksturs eftir nánara samkomulagi og að fengnum tillögum Reykholtarnefndar.

3. Jörðin Reykholt með hlunnindum og jarðhitaréttindum heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

4. Fallist hefur verið á það sjónarmið menntamálaráðuneytisins að stefnt verði að því að búfjárhald á staðnum verði takmarkað.“

Þá er í niðurlagi bréfs ráðherra lögð á það áhersla að uppbyggingu Reykholtstaðar verði hraðað og því heitið að ráðuneytið muni beita sér fyrir því að nauðsynlegt fjármagn fáiast til þessa verkefnis.

Nefndin hefur haldið alls 17 bókaða fundi auk margra óformlegra og óbókaðra funda sem einstakir nefndarmenn hafa átt við ýmsa aðila málinu tengda. Sumir þeirra hafa áður verið nefndir fyrr í þessum inngangi, en þó eru þeir ekki tæmandi taldir. Nefndarmenn hafa kappkostað að leysa verkefni sitt svo vel af hendi sem þeim er unnt en ýmislegt hefur tafið nefndarstörfin eins og fyrr er getið. Hér er um viðamiknið og margbrotið verkefni að ræða sem líklega verður seint eða aldrei leyst svo öllum líki. Þó er ljóst að einhvers staðar verður að láta staðar numið og mikilvægast af öllu er það, að byrjað verði á framkvæmdum og nauðsynlegustu úrbótum þegar í stað eða að orðum fylgi athafnir.

Skýrt skal fram tekið að í tillögum sínum hefur nefndin fyrst og fremst haft framtíð Reykholtstaðar fyrir augum. Nefndin hefur að sjálfsögðu ekki litið á sig sem úrskurðaraðila á nokkru sviði og ekki heldur tekið afstöðu til þess hvort einstakir staðarmenn eða stofnanir

á staðnum kynnu að geta beitt lagakrókum til þess að koma í veg fyrir æskilegt framtíðarfyrirkomulag á staðnum. Nefndarmenn treysta því að heill staðarins verði látin sitja í fyrirrúmi en auðvitað þarf að ganga til samninga við þá sem einhverju kunna að verða sviptir og bæta þeim skaðann með sanngjörnum hætti. Náist hins vegar ekki samkomulag um hlutina getur þurft að setja sérstaka löggjöf um staðinn.